

Stjórnarfundur USVH haldinn að Höfðabraut 6, 13. ágúst 2019 kl. 17:00 og fundargerð ritaði Eygló Hrund Guðmundsdóttir. Mætt eru Reimar Marteinson, Halldór Sigfússon, Pálmi Geir Ríkharðsson, Ómar Eyjólfsson, Sara Ólafsdóttir, Sveinbjörg Rut Pétursdóttir og Anton Scheel Birgisson.

Dagskrá:

1. Fundur settur
Fundur settur 17:03
2. Fundargerð síðasta fundar
Fundargerð lesin upp af framkvæmdastjóra og hún svo samþykkt.
3. Þríþraut
Þrautin gekk vel fyrir sig en veðrið hefði mátt vera betra. USVH tók við viðurkenningu frá ÍSÍ og er nú orðið Fyrirmyndarhérað ÍSÍ til næstu fjögurra ára.
4. Unglingalandsmót UMFÍ
Hestamannafélagið Þytur tók að sér að halda utan um skráningar fyrir Unglingalandsmótið í ár. Guðrún Ósk Steinbjörnsdóttir sá um þetta verkefni fyrir Hestamannafélagið Þyt. Einnig sá félagið um að finna foreldri til að vera okkar talsmaður á staðunum og í ár var það Elísa Ýr Sverrisdóttir. Stjórnin þakkar Hestamannafélaginu Þyt fyrir sitt framlag.
5. Nýr framkvæmdastjóri
Anton Scheel Birgisson hefur verið ráðinn nýr framkvæmdastjóri.
6. Önnur mál
Ingi Bjarnason varð 80 ára í sumar og stjórnin samþykkti að gefa honum 20.000 kr. gjafabréf og þakkar honum fyrir vel unnin störf í ritnefnd Húna.
7. Fundarslit
Fleira ekki rætt og fundi slitið 17:47.